

Alþingi
Erindi nr. P 127/1428
komudagur 22. 3. 2002

KENNASAMBAND ÍSLANDS
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstæti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 21. mars 2002

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um siðareglur í stjórnsýslunni

Kennarasamband Íslands fagnar framkominni þingsályktunartillögu um að settar verði skráðar siðareglur í stjórnsýslunni.


Siðareglur í stjórnsýslunni þjóna þeim tilgangi að styrkja vönduð vinnubrögð í stjórnsýslunni, styðja ábyrga meðferð opinberra fjármuna, beina athygli að skyldum starfsmanna stjórnsýslunnar gagnvart almenningi, skýra ábyrgð valdhafa og embættismanna, auðvelda kynningu á skyldum starfsmanna til nýrra starfsmanna og þær eru stöðug áminning til allra starfsmanna í stjórnsýslunni um að vanda sig í starfi.

Margar starfsstéttir í opinberri þjónustu hér á landi hafa sett sér skráðar siðareglur á undanförunum árum. Á 2. þingi Kennarasambands Íslands sem haldið var 8.- 9. mars 2002 voru samþykktar siðareglur kennara sem fylgja með þessari umsögn. Haft var viðtækt samráð við kennara við skráningu siðareglanna og ráðgjöf fengin frá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.

Kennarasamband Íslands tekur undir það sjónarmið sem kemur fram í þingsályktunartillögunni að haft verði samráð við samtök opinberra starfsmanna við vinnu við skráningu siðareglna í stjórnsýslunni. Afar mikilvægt er að haft verði samráð við sem flesta starfsmenn við skráningu siðareglna þannig að umræða um siðferðilegar skyldur starfsmanna í stjórnsýslunni eigi sér stað í vinnuferlinu.

Kennarasamband Íslands vill einnig benda á mikilvægi þess að víðtæk kynning fari fram á siðareglunum eftir skráningu þeirra til að stuðla að umræðu um siðferðilegar skyldur starfsmanna í stjórnsýslunni og að siðareglurnar verði endurskoðaðar reglulega til að hægt verði að taka tillit til nýrra siðferðilegra álitamála sem upp kunna að koma innan stjórnsýslunnar.

Virðingarfyllst,


Eiríkur Jónsson, formaður
Kennarasambands Íslands